

Nd.

## 201. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 14, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskípum.

Frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

### 1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svolátandi:

Loks er ráðuneytinu heimilt, meðan svo er, sem segir í byrjun 1. málsg. þessarar greinar, að veita mönnum, sem fengið hafa undirvélstjóraskirteini samkvæmt 3. málsg. og sem hafa gegnt undirvélstjórn samkvæmt slíkum skirteinum í eitt ár eða lengur, yfirvélstjóraskirteini á samskonar skipi um eitt ár í senn, enda hafi þeir vottorð frá yfirvélstjóra þeim eða yfirvélstjórum, sem þeir hafa unnið með, að þeim hafi farizt vélstjórn vel úr hendi.

Undanþáguheimildir þessar gilda til ársloka 1932.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Fr. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Enda þótt hér sé vélstjóraskóli starfandi, hefir enn ekki tekizt að fá neitt nálægt því nóg af vélstjórum á fiskigufuskipaflota landsins. Hefir því orðið að nota í mjög miklum mæli undanþáguheimildina í 3. málsg. laga nr. 14, 15. júní 1926, um undirvélstjóra, en sú heimild hefir síður en svo reynzt nægilega viðtæk, þar eð iðulega hefir verið ómögulegt að fá yfirvélstjóra á skipin, sem fullnægðu kröfum þeim, sem settar eru í lögunum. Hefir því stjórnin neyðzt til þess um mörg undanfarin ár að leyfa að menn, sem ekki fullnægja hinum settu prófskilyrðum, gegndu yfirvélstjórastöðu á ýmsum skipanna. Að sjálfsögðu hefir stjórnin aðeins slakað á yfirvélstjóraskilyrðunum í ýtrustu nauðsyn, þegar skipin annars hefðu orðið að liggja ónotuð. Þetta hefir hingað til ekki komið að sök, en það er nauðsynlegt, að stjórnin hafi lagaheimild til þess að veita slíkar yfirvélstjóraundanþágur þegar þörf krefur, og er því þetta frv. borið fram til þess að bæta úr þeim heimildarskortí“.